



Golfvernd

Skilmáli E-35

Golfvernd er sérsniðin trygging fyrir kylfinga. Tryggingin nær m.a. yfir þjófnað á golfbúnaði, slys við golfiðkun og önnur óvænt atvik, utan vallar sem innan.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Það bótaskyldu sem talið er upp í skilmálanum er tæmandi talið. Ef tryggingartaki eða tryggður verður fyrir tjóni eða óhappi sem ekki telst bótaskyldu í skilmálanum þá nær tryggingin ekki yfir það.

Skilgreiningar

Félagið: Vörður tryggingar hf.

Golfbúnaður: Til golfbúnaðar teljast kylfur, poki, kerra, fatnaður, skór, auk búnaðar sem almennt má finna í golfpokum og er eingöngu ætlaður er til golfiðkunar. Golfbílar og önnur farartæki sem eingöngu eru ætluð til notkunar á golfvelli og við golfiðkun teljast einnig til golfbúnaðar

Heimili: Sá staður sem gefinn er upp í skirteini sem tryggingarstaður og sem er jafnframt lögheimili tryggtryggingartaka.

Tryggingartaki: Sá einstaklingur sem tekur trygginguna í sínu nafni og er jafnframt greiðandi hennar.

Tryggðir/ur: Tryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.

Tryggingarfjárhæð: Sú fjárhæð sem tiltekin er á skirteini sem hámarksbætur fyrir hvern tryggingarlið fyrir sig.

Efnisyfirlit:

- Golfbúnaðartrygging
- Ábyrgðartrygging
- Óhappatrygging
- Golfslysatrygging
- Hola í höggi
- Árgjaldatrygging
- Leiga á búnaði erlendis vegna farangurstafa
- Húftrygging bifreiða
- Teigtrygging erlendis

1. Kafli. Golfbúnaðartrygging

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á golfbúnaði af völdum:

- skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atburðar á tryggingartímabilinu.
- þjófnaðs, enda hafi þjófnaðurinn verið vegna innbrots í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar, sumarhús (orlofshús), hjólhýsi, veiðihús eða geymsluskáp í golfskála. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.
- þjófnaðs á meðan golfbúnaður er geymdur fyrir utan golfskála. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.
- ráns, þ.e. töku á golfbúnaði með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.

- e. skemmdarverka þ.e. skemmda á golfbúnaði sem valdið er af ásetningi, þó ekki ef því er valdið af tryggðum sjálfum eða einhverjum einstaklingi, sem heimild hefur haft til veru á heimili tryggðs. Tjón vegna skemmdarverka á munum sem voru utandyra annars staðar en við heimili tryggðs bætast ekki. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða umsjón eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.
- sem verður þegar tryggður gleymir hlut, misleggur eða týnir.
- sem seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- á munum sem stolið er úr ólæstri íbúð, farartæki, sumarhúsi (orlofshúsi), hjólhýsi, öðrum geymslustöðum eða eru skildir eftir á almannafæri.
- vegna snöggrar hita- og/ eða rakabreytinga.

3. gr. Varúðarregla

Læsa ber tryggilega íbúðarhúsi, bílum og öðrum þeim stöðum sem golfbúnaður er geymdur þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Enn fremur ber að loka gluggum og krækja aftur, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að golfbúnaði.

4. gr. Hvað er tryggt?

Tryggingin tekur til golfbúnaðar í eigu tryggðs auk golfbíla og annarra farartækja sem eingöngu eru ætluð til notkunar á golfvelli og við golfiðkun.

5. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalögum erlendis, í allt að 92 daga talið frá brottfaradegi frá Íslandi.

6. gr. Ákvörðun bóta

- Bætur miðast við það að fjárhagsstaða tryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið, að svo miklu leyti sem unnt er. Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina, að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir tryggðan.
- Minjagildi bætist ekki.
- Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.

2. Kafli. Ábyrgðartrygging einstaklings

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla, og hún er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi tryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem tryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni, ber tryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er tryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálann með þetta í huga. Viðurkenning tryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Tryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

7. gr. Hvað bætir tryggingin?

- Tryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á hinn tryggða við golfiðkun samkvæmt íslenskum lögum sem einstakling, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.
- Ábyrgðartryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.
- Valdi barn, yngra en 10 ára tjóni, bætir félagið það tjón án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar. Slík viðtæk skaðabótaábyrgð á ekki við þegar barn, yngra en 10 ára, er aðili að umferðaróhappi og tjón verður á skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun.
- Kostnað við málsvörn sem félagið hefur samþykkt að fara skuli fram.

8. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- tjón sem hinir tryggðu valda hverjir öðrum.
- tjón á munum sem hinir tryggðu hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu. Tjón á munum, sem hinir tryggðu hafa tekið ófrjálsri hendi.
- tjón vegna skaðabótakröfu sem fellur á tryggðu sem eigendur eða notendur; húseigna, loftfara, lystibáta eða hvers kyns skráningarskyldra vélknúinna farartækja.

9. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðlögum erlendis, í allt að 92 daga talið frá brottfaradegi frá Íslandi.

10. gr. Tryggingarfjárhæð

Hámarks tryggingarfjárhæð í hverjum tryggingaratburði er hámark þess höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tryggingaratburðar.

Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu tryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til tryggingarfjárhæðarinnar.

11. gr. Tryggingartímabil

Ábyrgðartryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á tryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrir en síðar. Tryggingin tekur á hinn bóginn ekki til atvika sem eiga sér stað áður en tryggingin er tekin.

12. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum tryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

3. Kafli. Óhappatrygging

13. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón sem tryggður kann að valda á mönnum eða munum við golfiðkun eða á æfingasvæði við golfvöll án tillits til skaðabótaskyldu að lögum. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það.

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tryggingaratburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er á skírteini. Ef önnur trygging tekur til tjóns skv. þessari grein um óhappatryggingu stofnast ekki bótaréttur sbr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Ákvæði 2. kafla um ábyrgðartryggingu eiga að öðru leyti við um óhappatryggingu eftir því sem við getur átt.

4. Kafli. Golfslysatrygging

14. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur vegna slyss sem tryggður verður fyrir við golfiðkun. Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsli á útlimum við golfiðkun er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans.

15. gr. Innlendir sjúkrakostnaður

- a. Ef slys við golfiðkun leiðir til varanlegrar örorku eða tímabundins missi starfsorku greiðir félagið einnig innlendan sjúkrakostnað vegna sama slyss. Sjúkrakostnaður greiðist þó ekki fyrr en greiðsla vegna tímabundins missis starfsorku eða vegna örorku fer fram og þá eingöngu gegn afriti af reikningi. Hámarksbætur í hverju einstöku tjóni er tiltekin á skirteini.
- b. Með innlendum sjúkrakostnaði er átt við kostnað sem er viðurkenndur af Sjúkratryggingum Íslands.
- c. Þrátt fyrir a. lið er greiddur innlendir sjúkrakostnaður vegna slysa við golfiðkun hjá börnum yngri en 16 ára þó að varanleg örorka sé ekki til staðar. Eigin áhætta og hámarksbætur í hverju einstöku tjóni og á hverju tryggingartímabili koma fram á skirteini.

16. gr. Erlendur sjúkrakostnaður

- a. Félagið greiðir bætur komi til sjúkrahúsvistar erlendis og vegna læknishjálpar, lyfja og annarrar þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir vegna slyss við golfiðkun. Vistin og meðferðin skulu vera fyrirskipuð af lækni og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.
- b. Endurgreiddur er kostnaður við læknishjálp og lyf að læknisráði vegna slyss við golfiðkun.

17. gr. Aukinn kostnaður erlendis

- a. Félagið greiðir aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar, þegar læknir álitur, að meðferð vegna slyss við golfiðkun geti farið fram á hóteli. Til þessara útgjalda telst kostnaður vegna hjúkrunar, sjúkræfæðis o.s.frv. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar er 1% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar á sólarhring.
- b. Félagið greiðir aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrir fram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkrahúsvistar tryggðs að læknisráði vegna slyss við golfiðkun og í samráði við neyðarþjónustu félagsins, ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns, telji læknirinn slíks þörf.
- c. Slasist tryggður eða andist vegna slyss við golfiðkun á ferð sinni, greiðir félagið aukakostnað náins ættingja, sé hann með í för eða ef hann er kvaddur til dvalarstaðar tryggðs í samráði við félagið eða SOS International.
- d. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 10% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

18. gr. Sjúkraflutningur

Telji læknir sá sem annast hefur tryggða vegna slyss við golfiðkun á ferðalagi erlendis, að tafarlaus heimferð sé nauðsynleg, og geti hún orðið með venjulegum hætti, nægir félaginu skrifleg staðfesting læknisins. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti, dýrari farrými o.s.frv. Ef um svo alvarlegt slys er að ræða, að læknirinn telur að flytja verði tryggða heim með öðrum hætti, skal neyðarþjónusta félagsins annast flutninginn.

19. gr. Flutningur á látnum

Andist tryggður á ferð erlendis vegna slyss við golfiðkun skal neyðarþjónusta félagsins falið að annast flutning hins látna til Íslands svo og samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.

20. gr. Bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni

- a. Valdi slys við golfiðkun tímabundinni óvinnufærni, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi. Dagpeningar greiðast í hlutfalli við óvinnufærni frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í 48 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi.
- b. Með biðtíma er átt við það tímabil, sem samkvæmt skirteini á að liða frá tjónsdegi, áður en dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- c. Stafi óvinnufærni slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við hvern þátt sem þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- d. Félagið bætir ekki tímabundna óvinnufærni sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku. Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- e. Félagið greiðir ekki bætur vegna tímabundins missis starfsorku ef hann er af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis.
- f. Félagið greiðir ekki bætur fyrir tímabundna óvinnufærni eftir að hún er orðin varanleg samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati.

21. gr. Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

- a. Valdi slys við golfiðkun tryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar grunntryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi.
- b. Örorkuna skal meta í hundraðshlutan samkvæmt töflu Örorkunefndar um miskastig sem í gildi er þegar örorkumat fer fram. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflu Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunni. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- c. Leiði slys við golfiðkun til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og tryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- d. Slys við golfiðkun sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

- e. Við ákvörðun örorku (læknisfræðileg örorka) ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu hins slasaða.
- f. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlími eða líffæri sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið. Ef missir útlíma eða líffæra er ekki alger, bætist örorkan hlutfallslega.
- g. Örorka er metin í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða eða þegar læknir telur varanlegar afleiðingar slyssins hafa komið í ljós en þó aldrei síðar en þremur árum eftir slysið. Telji sá slasaði eða félagið að örorkan gæti breyst, getur hvor aðili um sig, farið fram á að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Hvor aðili um sig getur krafist nýs örorkumats að liðnu einu ári frá því að hið fyrra fór fram. Hinum slasaða er þá skylt að láta lækni tilnefndan af félaginu skoða sig. Ef hinn slasaði færir undan þessari skyldu, getur félagið tekið fyrir greiðslu til hans, þar til skoðun hefur farið fram.
- h. Félagið áskilur sér rétt til að beita hlutfallsreglu við mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku.
- i. Þótt ástand slasaða geti breyst skal þó undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigir sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun örorkustigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- j. Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við grunnupphæð örorkubóta sem í gildi var á slysdegi og kemur fram á skirteini, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 325% af grunnupphæð vegna örorkubóta sem getið er á skirteini.

22. gr. Bætur vegna andláts

- a. Látist tryggður af völdum slyss við golfiðkun innan eins árs frá slysdegi, greiðist tryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.
- b. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að tryggður andist. Réttthafi dánarbóta er maki, hvort sem er í hjúskap eða staðfestri samvist.
- c. Sé tryggður barn, greiðast dánarbætur til foreldra þess eða þess foreldris sem telst til tryggðs í þessari tryggingu, ef þau bæði teljast ekki til tryggðra. Eigi ekkert af þessu við greiðir félagið dánarbætur til réttthafa samkvæmt erfðalögum nr. 8/1962 eða erfðaskrá.
- d. Hafi tryggður engan á framfæri sínu greiðast 25% af tryggingarfjárhæðinni. Með framfæranda er átt við þann, sem sannanlega hefur barn eða fullorðin einstakling á framfæri sínu.
- e. Látist tryggður af slysförum við golfiðkun, á félagið rétt á því að líkið verði krufið til að leidd verði í ljós dánarorsök og annað, sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

23. gr. Bætur vegna tannbrots

Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem laskast eða brotna við slyss við golfiðkun. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 7,5% af grunnupphæð örorkubóta vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu tryggingarári við 11,5% af sömu fjárhæð.

Tryggingin greiðir aðeins þau tanntjón sem ekki fást greidd af öðrum aðila, t.d. Sjúkratryggingum Íslands.

24. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki slyss:

- a. sem verða þegar tryggður er ekki við golfiðkun.
- b. sem verða vegna neyslu áfengis, fíkniefna eða annarra nautnalyfja.
- c. sem tryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- d. af völdum vélknúins, skráningarskylds ökutækis.

25. gr. Aðrar takmarkanir á greiðsluskyldu

Félagið greiðir ekki bætur, þótt slyss við golfiðkun verði talin sönnuð orsök, vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-klos, þursabit (e. lumbago ischias), liðagigt, slitgigt eða hvers konar aðrir gigtarsjúkdómar. Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand tryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð, eða skapist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi, sem tryggingin nær til.

26. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga.

27. gr. Aldursmörk

Sé tryggður 70 ára eða eldri þegar hann slasast, verða örorkubætur og dánarbætur eftirtaldir hundraðshlutar af tryggingarfjárhæð eins og hún er tilgreind á skirteini:

Aldur	Hlutfall bóta
70 ára	80%
71 árs	60%
72 ára	50%
73 ára	40%
74 ára	35%
75 ára	30%
76 ára	25%
77 ára og eldri	20%

Börn yngri en 16 ára eru ekki tryggð gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur 25% af dánarbótum slysatryggingar.

Sé tryggður á aldrinum frá 67 til 70 ára þegar hann slasast miðast hámarksbætur vegna tímabundins missis starfsorku við 50% af grunnfjárhæð vikulegra bóta.

Sé tryggður 71 árs eða eldri þegar hann slasast er hann ekki tryggður gegn tímabundnum missi starfsorku.

28. gr. Ráðstafanir vegna slyss

Þegar slys við golfiðkun ber að höndum er félaginu heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar tryggðs. Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins. Nauðsynleg vottorð teljast vera áverkavottorð, vottorð um óvinnufærni og lokavottorð meðferðarlæknis. Samþykki félagsins þarf fyrir öflun annarra vottorða.

29. gr. Vísitölubinding bótafjárhæða

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli tryggingarfjárhæðar á slysdegi en breytast með vísitölu neysluverðs á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á eftir eins og hér segir:

- Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til dánardags.
- Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi.

5. Kafli. Hóla í höggi

30. gr. Hvað bætir tryggingin?

Ef tryggður nær að slá holu í höggi greiðist sú fjárhæð að hámarki sem getið er í tryggingarskírteini. Tryggingunni er ætlað að endurgreiða tryggðum þann kostnað sem hlýst af því að bjóða meðspilurum upp á veitingar að hring loknum.

Greiðsla er framkvæmd hafi eftirfarandi skilyrði verið uppfyllt:

- Leiknar hafi verið minnst 9 holur og með minnst einum meðspilara (vitni).
- Höggíð verður að hafa verið það fyrsta sem slegið var af teig í átt að holu.
- Völlurinn verður að hafa fengið viðurkenningu frá GSÍ eða sambærilegum erlendum aðila og vera minnst 4000 metra langur (miðað við 18 holur).
- Skorkort verður að hafa verið rétt útfyllt og undirritað ásamt nafni vallarins og dagsetningu.
- Höggíð var tilkynnt til klúbbstjórnar, starfsmanns vallarins eða Einherjaklúbbsins.

31. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki holu í höggi sem er leikið er á þar 3 velli eða öðrum áþekktum æfingarvelli. Það sama á við um völl sem er í vetraruppsetningu, þ.e. með vetrarteigum og/eða vetrarfötum.

32. gr. Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á Íslandi.
- Á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

6. Kafli. Árgjaldatrygging

33. gr. Hvað bætir tryggingin?

Verði tryggðum ófært að stunda golf á golftímabilinu vegna veikinda eða slyss endurgreiðir félagið hlutfallslega árgjald í golfklúbb. Endurgreiðslan miðast við árgjald í einn golfklúbb.

Tímabil ófærni skal vara minnst 2 mánuði af golftímabili sem er skilgreint sem fimm mánuðir, frá maí til og með september og er árgjaldinu dreift jafnt á þess fimm mánuði.

34. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón vegna:

- hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin eða þegar árgjald var greitt.
- sjúkdóma sem verða eftir 36. viku meðgöngutíma.
- slyss sem átti sér stað áður en trygging var tekin eða var þegar orðið þegar árgjaldið var greitt.

35. gr. Ákvörðun bóta

Tryggður skal leggja fram eftirfarandi gögn vegna kröfu sinnar:

- Læknisvottorð þar sem fram kemur að tryggðum sé ómögulegt að spila golf vegna veikinda eða slyss.
- Kvittun fyrir greiðslu á árgjaldi golfklúbbs.

7. Kafli. Leiga á golfbúnaði erlendis vegna farangurstafa

36. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir bætur vegna leigu á golfbúnaði fyrir hvern tryggðan ef þeir fá ekki innritaðan golfbúnað sinn afhentan innan 8 klukkustunda eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu.

Samkvæmt þessu ákvæði eru greiddar bætur gegn því að lagðir séu fram reikningar fyrir leigu búnaðar.

Golfbúnaður samkvæmt þessu ákvæði teljast kylfur og golfpoki. Leiga fyrir annan búnað fæst ekki bætt samkvæmt þessari tryggingu.

37. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar tryggður er á heimleið.

38. gr. Varúðarregla

Tryggður skal haga ferðatíma sínum þannig að tímamörk fyrir tengiflug sé ekki skemmri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

39. gr. Hverjir eru tryggðir?

Tryggður er sá sem tilgreindur er á skirteini. Einnig eru börn og maki tryggingartaka og/eða börn maka tryggingartaka sem eru yngri en 18 ára tryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en tryggingartaki, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá tryggingartaka og/eða maka hans.

40. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir vegna tafar á afhendingu golfbúnaðar í áætlunar- eða leiguflugi í ferð sem varir allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.

Tryggingin gildir ekki fyrir einstaklinga sem stunda nám eða vinnu erlendis, ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Gildir tryggingin þá aðeins á ferðalagi til og frá Íslandi.

41. gr. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

Týnist farangur í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tjónþola skylt að tilkynna tapið strax við landingu til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flugfélaginu þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

8. Kafli. Húftrygging eigin bifreiða

42. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á bifreið í eigu tryggðs af völdum golfbolta sem sleginn hefur verið í bifreiðina, enda hafi boltinn verið sleginn á til þess gerðu svæði.

Það er skilyrði bótaskyldu að bifreiðinni hafi verið lagt löglega á til þess gerðu bílastæði eða ekið eftir löglegum akvegi.

43. gr. Varúðarregla

Tryggingartaki skal gæta þess að leggja bifreið sinni þannig að ekki sé hætt á því að hún verði fyrir eðlilega slegnum golfbolta.

44. gr. Hvað er tryggt?

Húftryggingin tekur til bifreiðar í eigu tryggðs.

9. Kafli. Teigtrygging erlendis

45. gr. Hvað bætir tryggingin?

Verði tryggðum ófært að spila golf erlendis vegna veðurs endurgreiðir félagið hlutfallslega ónýtt teiggjöld.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að ferðin sé að lágmarki 4 dagar.

Hámarksbætur í hverju tjóni er 10% af kostnaði við heildarferð.

46. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón vegna:

- lokana golfvalla á Íslandi.
- ónýttra teiggjalda vegna breytinga á ferð.
- lokana hluta úr degi vegna veðurs.

47. gr. Ákvörðun bóta

Tryggður skal leggja fram eftirfarandi gögn vegna kröfu sinnar:

- Dagsett staðfesting frá golfvelli að hann hafi verið lokaður vegna veðurs.
- Kvittun fyrir teiggjöldum.

Skilmálar þessir gilda frá 01.06.2024